

UNDANFARNA tva mánuði hefur hreyfing sú, sem kennir sig við rauða sokka, vakið talsverða athygli. Ekki á hún reyndar upptök sín hérlendis, þar sem Rauðsokkur höfðu áður sprottið upp á Norðurlöndum, Hollandi og í Þýskalandi og láta æ meira að sér kveða. Þann 14. júní sl. héldu íslenskar rauðsokkur fund með sér, og var þá kosin nefnd til að vinna að framgangi málsins og halda síðan annan fund með haustinu. Blaðið fékk góðfúslegi leyfi Vilborgar Dagbjartsdóttur skáldkonu til að birta ávarp, sem hún flutti á nefndum fundi.

Ritstj.

VIÐ KOMUM hér saman í kvöld til að forma og skipuleggja ný samtök, sem Messína Tómasdóttir skilgreindi svo réttilega í Viðsjáarspjalli sínu: „Rauðsokkahreyfingin er sjálfvakin hreyfing ungra kvenna“. Sjálfvakinn er einmitt orðið, því á þessu vori hafa þau ánægjulegu tíðindi gerzt, að hvarvetna eru ungar konur vaknaðar til vitundar um heiminn í kringum sig og til vissunnar um eigin þrótt og ábyrgð.

Allir þekkja ævintýrið um Þyrnirós, sem svaf í hundrað ár, en þá kom prinsinn (auðvitað) og vakti hana og bar hana í fanginu niður alla stigana í veizlusalinn. Allt endaði svo í dýrlegum fagnaði. Og þó – brúðkaupsveizla er náttúrulega hinn klassíski, góði endir ævintýrisins, samt stendur hún ekki að eilífu frekar en aðrar veizlur, og prinsinn setti rósina sína fyrir framan sig á hestinn hvíta og reiddi hana heim í ríki sitt og lokaði hana inni í annarri höll.

Og þyrnigerðið hóf sig hátt, hóf sig hátt. Svo gerðist það einn bjartan morgun, að drottningin unga vaknar og verður þess áskynja, að hún er ein í höllinni. En hefur hún nú, loksins eftir þúsund ár, kjark til þess að taka sér sverð í hönd og ryðjast gegnum það þyrnigerði fordómanna, sem hefur umlukt hana, og brjóstast út úr ævintýrarökkri þjóðsögunnar fram í dagsljósið fyrir utan?

Við höfum fyllstu ástæðu til að vera bjartsýnar. Þegar fyrstu axarhöggin kváðu við í myrkviðnum, sem umgirðir okkur, bergmálaði gjörvallur skógurinn. Þess vegna erum við hér að kjósa okkur framkvæmdanefnd. Við erum knúin áfram af afli, sem er stærri en við sjálf og á sér djúpar rætur í samfélaginu. Þegar hreyfingar eins og þessi koma upp á yfirborðið, eru þær bornar uppi af þungum undirstraumi, sem ekkert stöðvar. Var það ekki Lenín, sem sagði: „Byltingar eru ekki gerðar, þær gerast“. Konurnar hafa átt sinn þátt í mörgum byltingum, en því miður hafa þær ekki fagnað þeim stóru sigrum, sem þær bjuggust við. Allt féll aftur í ljúfa löð, og þær voru kyrrar í eldhúsunum og þjónustuhlutverkunum. Nú vilja þær gera sína eigin byltingu.

Kannski eru einhverjar hér inni, sem hrökkva við, þegar þær heyra þetta blóðuga nafn *bylting*. Já, og sjálfan Lenín nefndan, en ekki er ástæða til að óttast. Enn höfum við farið okkur hægt. Hin stóru trén hafa



Eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur



Hvað eru Rauðsokkur?

ekki fallið fyrir höggum okkar. Að vísu er um við stundum í rauðum sokkum, en það er líka hér um bil allt og sumt. Fyrsta fundinn héldum við 24. apríl í kaffistofu Norræna hússins, reyndar þurftum við að rýma salinn og fluttum okkur niður í kjallarann, sem er ófullgerður geimur og án húsgagna. Við, 28 alls, sátum í hring á gólfinu, og samkoman fékk á sig æsandi svip hættulegra neðanjarðarhreyfinga. Aðeins ein var í rauðum sokkum, Hildur Hákonardóttir hafði brugðið sér í þá strax til að sýna okkur hinum, hvernig þeir færu á fæti. Við reyndum að sjá fyrir okkur, hve áhrifamikill það yrði að sjá heilan hóp af rauðsokkum.

Við fengum staðfestingu á því 1. maí, að það er mjög vel til þess fallið að vekja athygli. Almennigur tók okkur með vinsamlegri forvitni, eiginlega mætti segja, að okkur hafi verið fagnað. Við vitum þó nokkuð um viðbrögð fólksins, því í för með okkur var Þorgeir Þorgeirsson kvikmyndatökumaður, og eins og allir vita, er kvikmyndavélin ólygin, sé henni rétt beitt. Þá var einnig í för með okkur maður með segulbands-tæki, og spurði hann fólkið á gangstéttunum, hvernig því litist á tiltæki okkar. Enginn fordæmdi okkur. Margir sögðu: „Þær hefðu mátt vera fyrr á ferð“. Eina gagnrýnin, sem fram kom, var frá karlmanni, sem vildi hafa styttuna í fötum. Tíminn, Alþýðublaðið og Þjóðviljinn birtu hliðhollar fréttir og kváðu jafnvel svo sterkt að orði, að ekkert hefði vakið eins mikla athygli 1. maí og kvennagangan. Hins vegar þagði Morgunblaðið, útvarpið og sjónvarpið. Síðar kom ágæt grein í Morgunblaðinu *Hvað eru rauðir sokkar?* eftir Helgu Sigurjónsdóttur. – Rauðsokkur hafa talað fyrir máli sínu bæði í Víðsjá og þættinum „Við sem heima sitjum“, svo Ríkisútvarpið hefur ekki látið sitt eftir liggja.

Þann 25. maí komu eftirtaldar konur saman á Hótel Borg: Bríet Héðinsdóttir, Svava Jakobsdóttir, Guðrún Guðlaugsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Guðrún Svava Svavarsdóttir, María Kristjánsdóttir, Brynja Benediksdóttir, Messína Tómasdóttir og sú, sem hér talar. Rætt var, hvað gera þyrfti til þess að fá sjónvarpið til að birta fréttir af starfsemi okkar, og hvort ekki væri möguleiki að fá þar inn dagskrárlið um kjör íslenzkra kvenna þann 19. júní. Samþykkt var að bjóða sjónvarpinu fréttamynd þá, sem Þorgeir Þorgeirsson tók af fyrstu aðgerðum rauðsokka á Íslandi. Einnig var hann fús að vinna fyllri dagskrárlið.

Sjónvarpið neitaði að sýna mynd Þorgeirs eða þátt, sem hann ynni. Hins vegar væri sjálfsagt að birta fréttir af starfsemi okkar og viðtöl við rauðsokkur.

Þá erum við komin hingað. Hvað liggur fyrir að gera næst? Skúli Guðjónsson á Ljótunnarstöðum gefur okkur góð ráð í síðustu útvarpsgagnrýni sinni:

„Í sveitum landsins mun vera töluverður slatti ókvæntra bænda og bændaefna. Nú er það mitt ráð og áeggjan til hinna rauð-

fættu með stóra sannleikann, að þær leggi land undir fót og biðji þessara manna. Og takist ráðahagurinn, munu þær öðlast fullt atvinnulegt jafnrétti með skjótum hætti“.

Mig minnir nú reyndar, að ég hafi tekið það fram í útvarpsrerindinu, sem varð Skúla tilefni þessara ummæla, að við værum flestar giftar. En líklega ætlast hann til þess, að við yfirgefum harðstjórana okkar og hlaupum í fang hinna þurfsandi bænda!

Hægán, kærur systur! Við skulum ekki flana að neinu. Hvað ætli margar konur eigi sæti í framleiðsluráði landbúnaðarins eða sitji á búnaðarþingum? Engin. Á meðan karlarnir eru að ráðskast þetta, eru konurnar heima og sjá um allt hitt. Rétt eins og í þá eldgömlu góðu daga, þegar karlmennirnir voru stöðugt úti að stríða, en konurnar gerðu það, sem gera þurfti.

Við sendum bændakonunum baráttukveðjur og vonum, að þær taki undir kröfur okkar. Við viljum fá að ráða til jafns við karlmenn. Árið 1908 unnu íslenzkar konur

pólitískan sigur. Kvinnalisti til bæjarstjórnarkjörs í Reykjavík 24. janúar var kosinn með öllum fjórum konunum, sem á honum voru. 50% af konum á kjörskrá í Reykjavík tók þátt í kosningunum og 58% af þeim kaus kvinnalistann.

Í nýafstöðnum bæjarstjórnarkosningum bar þó nokkuð á konum, og þær vöktu athygli fyrir skörulegan málflutning í kosningabaráttunni. Nú fer að stytast í Alþingiskosningar, og þá eiga íslenzkar konur kost á því að vinna nýjan pólitískan sigur.

Hlutverk samtakanna, sem við erum að stofna hér í kvöld, er meðal annars að stuðla að þeim sigri. Á löggjafarsamkomu þjóðarinnar ætti að vera jafnt hlutfall kynjanna. Eða hví skyldu karlmenn einir semja þau lög, sem við eigum að hlýða? Hvað gefur þeim rétt til að ráða því, hvernig fjármunum almennings er varið? Við erum helmingur þjóðarinnar, og eigum og getum krafizt réttar okkar og náum honum, ef við stöndum saman.



Látið okkur sjá um þvottinn fyrir yður.
Stykkjapvottur. Fljót og góð afgreiðsla.

Þvottahúsið MJÖLL
Sími 11442, Akureyri

VAL
HINNA
VANDLÁTU



GÓLFTPEPPAGERÐ



Húsmæður!
Með því að kaupa hina vönduðu uppþvottabursta okkar eflið þér ekki einungis íslenzkan iðnað og í senn þjóðarhag, – þér fáid um leið vönduðustu bursta sem völ er á.
Glæsilegt úrval.



BURSTA GERÐIN

